



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/275*  
*komudagur 20.11.2007*

Nefndasvið  
Skrifstofa Alþingis  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2007.

#### UMSÖGN MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS UM TILLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM LÖGFESTINGU SAMNINGS SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM RÉTTINDI BARNINS

Mannréttindaskrifstofa Íslands fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um lögfestingu Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Barnasáttmálinn kveður á um ákveðin lágmarksréttindi til handa börnum óháð vilja foreldra eða forráðamanna; efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og borgarleg og stjórnmalaleg réttindi. Þó Ísland sé aðili að samningnum og því skuldbundið til að tryggja börnum þau réttindi sem hann kveður á um þá þær skuldbindingar einungis samkvæmt þjóðarétti. Til að samningurinn hafi bein réttaráhrif hér á landi og unnt sé að beita honum fyrir íslenskum dómstólum verður, vegna tvíeðliskenningarinnar, að lögfesta hann.

Barnasáttmálinn er viðfeðmur og ákvæði hans ganga lengra á ýmsum sviðum en íslensk lög. Mannréttindaskrifstofan fagnar því fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu og vonar að Barnasáttmálinn verði lögfestur á Íslandi.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands  
Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri